

## **Priðji fundur Umhverfisnefndar 2017-18 haldinn 18. apríl 2018 klukkan 14:00.**

*Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Áslaug María, Kjartan Valur, Gunnar Ingi, Hilmar Nói, Rúnar Smári, Sóley Mist, Sigurbjörn Ási, Signý Heiða og Pétur Yngvi. Fulltrúar starfsfólks: Dóra Esther og Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri. Fulltrúi foreldra: Sunneva Kristjánsdóttir.*

Guðrún setti fundinn og allir kynntu sig.

Þá var farið yfir fundarreglurnar og að því loknu var farið yfir fundargerð síðasta fundar í þemanu „orka“.

Guðrún fór yfir það sem ákveðið var á gera á síðasta fundi og spurði fundarmenn hvort við hefðum gert það sem við ætluðum okkur. Við komust að því að við hefðum ekki gert allt sem við ætluðum okkur, en við höfðum skoðað hina ýmsu hluti í leikskólanum sem nota rafmagn, gerðum tilraun með blöðrum, þar sem við nudduðum þeim í hárið á okkur, í lopavettling og gólfmottuna og reyndum svo að færa áldós með blöðrunni án þess að koma við dósina. Það sem við vorum ekki búin að gera var að hafa rafmagnslausan dag í leikskólanum og ákváðum við að gera aðra tilraun til að halda hann fyrir næsta fund.



**Hér erum við að gera rafmagnstilraun með blöðrum**

Þá var komið að því að ákveða hvað gera ætti fyrir næsta fund.

Ákveðið var að gera aðra tilraun til að hafa rafmagnslausan dag í leikskólanum. Einnig ætlum við að velta fyrir okkur hvaða þemu okkur langar að taka fyrir næst þegar við sækjum um nýjan Grænfána.

Að þessu loknu þakkaði Guðrún fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fundargerð.  
Guðrún Sigurðardóttir